

REGLUGERÐ

fyrir vatnsveitu Ólafsfjarðar.

210

24. nóv.

1. gr.

Bæjarstjórn Ólafsfjarðarkaupstaðar hefur einkaleyfi til reksturs vatnsveitu og sölu vatns, á svæði því, er vatnsveitan nær yfir og hún getur fullnægt og einnig til hafnarinnar í Ólafsfirði.

2. gr.

Frá vatnsæðum vatnsveitunnar má enginn leggja vatnsæðar nema með leyfi vatnsveitunefndar.

3. gr.

Öll framkvæmdastörf, er vatnsveituna varða, annast vatns- og hitaveitunefnd, í samráði við bæjarstjórn og bæjarstjóra.

Vatnsveitunefnd annast um viðhald vatnsveitunnar, endurbætur og umsjón alla. Bæjarstjórninni skal heimilt að ráða sérstakan umsjónarmann vatnsveitunnar, er hafi eftirlit með vatnsveitukerfinu og annist önnur þau störf í þágu vatnsveitunnar, er henta þykir. Vatnsveitunefnd getur löggilt sérstaka vatnsvirkja til að annast viðhald og viðauka við vatnsveituna, og er þeim skylt að fara í öllu eftir þeim reglum, er vatnsveitunefnd setur þar um.

4. gr.

Bæjarstjórn hefur á hendi reikningshald vatnsveitunnar og innheimtu gegn hæfilegu endurgjaldi.

Reikningsárið er almanaksárið, og skulu reikningar vatnsveitunnar endurskoðaðir af endurskoðendum bæjarreikninganna og fylgja bæjarreikningum ár hvert.

5. gr.

Bæjarstjórn lætur leggja vatnsæðar svo víða um kaupstaðinn, sem fært þykir og þörf krefur, svo að húseigendur eigi greiðan aðgang að þeim við veg, götu eða annað almenningsvæði, er lóðir þeirra liggja að eða eru í námunda við, og verður enginn krafinn um vatnsskatt, fyrr en svo er.

6. gr.

Skylt er hverjum húseiganda og öðrum, er vatnsæð hefur, að halda vatnsæðum sínum vel við og láta tafarlaust gera við þær, ef leki kemur að þeim. Hann skal sérstaklega gæta þess, að ekki frjósi í æðunum. Enginn má eyða vatni að óþörfu.

7. gr.

Vatnsveitunefnd, umsjónarmanni og löggiltum vatnsvirkjum er heimilt að fara um hús manna, þar sem vatnsæðar liggja, til þess að athuga þær og tæki þau, er sett eru í samband við þær. Ef þeim þykir útbúnaði í einhverju ábótavant, skal tafarlaust bætt úr því á kostnað eiganda.

8. gr.

Heimilt er vatnsveitunefnd að loka vatnsæðum fyrir þeim, sem vanrækja að láta gera við bilanir á pípum eða tækjum, eyða vatni að óþörfu eða greiða ekki vatnsskatt á réttum gjalddaga.

Ágreiningi út af þessum atriðum má skjóta undir dóm bæjarstjórnar. Fullan vatnsskatt ber að greiða einnig fyrir þann tíma, sem vatnsæðum er lokað.

210

24. nóv.

9. gr.

Vatnsskatt skal greiða af öllum húseignum á vatnsveitusvæðinu, sem vatn er lagt að, sbr. 5. gr. Skal hann ákveðinn í gjaldskrá, og miðaður við fasteignamatsverð húseigna. Aukagjald má leggja á þá, sem nota vatn til annars en heimilisþarfa, og þá, sem hafa vatnshana utanhúss.

10. gr.

Gjalddagi vatnsskattsins er 1. október ár hvert. Vatnsskattinn má taka lög-taki, og er hann tryggður með lögveði í eigninni næstu tvö ár eftir gjalddaga með forgangsveði, fyrir hvers konar samningsveði og aðfararveði.

11. gr.

Bannað er að taka vatn úr brunahönum vatnsveitunnar, eða setja hreyfivélur í samband við hana, nema með leyfi vatnsveitunefndarinnar.

12. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum, allt að 500 kr., nema þyngri refsing liggi við samkvæmt almennum lögum. Valdi nokkur skemmdum á vatnsveitunni, skal hann bæta það eftir mati þar til kvaddra manna.

Með mál út af brotum á reglugerð þessari skal farið sem almenn lögglumál.

Reglugerð þessi, sem samin er og samþykkt af bæjarstjórn Ólafsfjarðarkaupstaðar, staðfestist hér með, samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923, sbr. lög nr. 95 5. júní 1947, um aðstoð til vatnsveitna, til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Jafnframt er úr gildi felld reglugerð fyrir vatnsveitu Ólafsfjarðar, nr. 95 10. september 1935. Þetta birtist hér með til eftirbreytni öllum þeim, er hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 24. nóvember 1947.

Stefán Jóh. Stefánsson.

Jónas Guðmundsson.

211

10. des.

REGLUGERÐ

fyrir Rafveitu Vatnsleysustrandarhrepps.

A. Stjórn og rekstur.

1. gr.

Markmið rafveitunnar.

Rafveita Vatnsleysustrandarhrepps er fyrirtæki, sem Vatnsleysustrandarhreppur starfrækir í þeim tilgangi að veita raforku um hreppinn og selja hana til heimilisnotkunar, iðnaðar og annarra þarfa.

Rafveitan er eign hreppsins, en skal rekin sem sjálfstætt fyrirtæki með nafninu Rafveita Vatnsleysustrandarhrepps, og hafa sérstakt reikningshald.

2. gr.

Verksvið og orkuveitusvæði.

Rafveita Vatnsleysustrandarhrepps aflar raforku til almenningsþarfa í hreppnum með því að kaupa raforku úr orkuveitu rafmagnsveitna ríkisins eða frá öðrum, svo og vinna hana sjálf í orkuverum, er síðar kunna að verða reist,